

## 62. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 3. nóvember 2004 kl. 18.00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru Gretar D. Pálsson, Emil Þ. Guðbjörnsson, Þorgrímur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir.

Formaður setti fund og stjórnáði.

1. Skipavík hf. sækir um að byggja sólskála við Tjarnarás 9. Frestað að ósk umsækjanda, liggja ekki fyrir teikningar.
2. Skipavík sækir um að byggja parhús við Tjarnarás 7 og 7a. Frestað að ósk umsækjanda, liggja ekki fyrir teikningar.
3. Hermann Bragason, Aðalgötu 12. Sækir um endurnýjun á byggingarleyfi að hækka og lengja bílskúr. Samþykkt.
4. Hótel Stykkishólmur ehf., Pétur Geirsson. Sækir um að staðsetja gervihnattadisk á suðurhlíð Hótel Stykkishólmi. Samþykkt.
5. Lagt fram athugasemdabréf dags. 15.10.04 frá Markúsi Einarssyni, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra farfugla vegna breytinga á umferðamálum við Höfðagötu norðanverða. Formaður kynnti athugasemdir. Nefndin telur ekki rök standa til að breyta fyrri samþykktum.
6. Lagt fram kynningarbréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.10.2004 um ráðstefnu um ferlimál fatlaðra.
7. Lögð fram breyting á deiliskipulagi við Laufásveg/Borgarbraut. Frestað.
8. Lögð fram deiliskipulagstillaga, dags. 1.11.04 af íbúðabyggð við Borgarbraut samkvæmt tillögu Bærings Bjarnar Jónssonar, arkitekt, dags. 25.10.04. Samþykkt. Emil Þ. Guðbjörnsson og Þorbergur Bæringsson viku af fundi undir þessum lið.
9. Umsókn frá Sæpóri Þorbergssyni um að byggja sólpall, skjólveggi og setja heitan pott fyrri framan hús sitt að Vallarflöt 1. Samþykkt. Þorbergur Bæringsson vék af fundi undir þessum lið.
10. Kristinn Þ. Bjarnason, Laufásvegi 3, sækir um að byggja bílskúr á lóðinni samkvæmt teikningum frá Verfkr. EK., dags. 15.9.04 ásamt að taka óræktarsvæði við lóð sína í fóstur. Frestað. jafnframt lagt til að hönnun á Víkurgötu og Laufásvegi verði hraðað.

11. Hótel Stykkishólmur ehf., Pétur Geirsson.  
Leggur fram fyrirspurn um undirtektir við viðbyggingu við Hótel Stykkishólm samanber tillöguteikningar.  
Nefndin tekur jákvætt í erindið.
12. Önnur mál.
  - 12.1. Formaður lagði fram og kynnti bréf frá Umhverfisstofnuninni um auglýsingaskilti í dreifbýli.

Fleira var ekki gert.  
Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 19.30.

Þorbergur Bæringsson (sign.),  
Þorgrímur Kristinsson (sign.),  
Emil Þór Guðbjörnsson (sign.),  
Gretar D. Pálsson (sign.),  
Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir (sign.).

Íhs.